

| tíska | tíðarandinn | heilsa | myndlist | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta

í grænni lautu

» *Kesara Anamthawat-Jónsson*

MÁTTUR MENNTUNAR

ER BORAT KANNSKI MAHÍR?

» *Nýjasta stjarnan*

BÆKURNAR ERU EINS
OG BÖRNIN MÍN

» *Björk Bjarkadóttir*

MATUR » *Polenta með gorgonzola*

TÍSKA » *Glæsileiki í anda Prada*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
10. - 16. nóvember

Bleikur kjóll (ermar fylgja með)
3- 18 mánaða 4.990-
11/2- 4 ára 5.290-



Vínrauður kjóll
3-6 ára 5.490-
7-10 ára 5.790
11-12 ára 5.990-



Skór stærðir 29-36 2.390-





Brún skyrta
3-6 ára 2.690-
7-10 ára 2.990-
11-12 ára 3.190-

Gallabuxur
3-6 ára 1.790-
7-10 ára 1.990-
11-12 ára 2.390-



Sett (vesti, bolur
og buxur)
3-18 mánaða 3.990-
1 1/2 - 4 ára 4.590-

JÓL 2006

NEXT

KRINGLUNNI



RÁÐGJÖF

arkitekta í EGG

11. og 12.

18. og 19.

25. og 26.

nóvember

Arkitektar frá Arkitektafélagi Íslands verða til ráðgjafar í EGG alla laugardaga og sunnudaga í nóvember frá kl. 13:00-16:00.

Gjald er 2000 kr. fyrir 30 mínútur en það gjald endurgreiðist við kaup í versluninni sem fara yfir 10.000 kr.

Skráning á egg@egg.is og í síma 525 3400



20



16



46



26

Þetta helst

- 7 Jóga
- 8 Heitt og kalt
- 8 Íslenskar þjóðhetjur
- 10 Brennslan mín
- 12 Samfélagið býr yfir vannýttum auð
- 14 Er Borat kannski Mahir?

Greinar og viðtöl

- 16 Björk Bjarkadóttir:
Bækurnar eru eins og börnin mín
- 20 Kesara Anamthawat-Jónsson:
Grasafræðingur í gróðurlausu landi

Hann/hún

- 26 Matur: Polenta
- 32 Tískuíkon: Jackie Kennedy
- 34 Glæsileiki í anda Prada
- 38 Nýtt andlit:
Indíana Sólvieg Marquez Wdowiak
- 40 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 40 Stjörnuhá
- 44 Feður hafa meiri áhrif
- 46 Almenn kurteisi
- 46 Margrét Hugufrún Gústavsdóttir elur upp


Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

NÝTT Á DVD!

DESPERATE HOUSEWIVES SERÍA 2

GLÆSILEGT 7 DISKA SAFN, STÚTFULLT AF AUKAEFNI SEM ALLAR
AÐÞRENGDAR EIGINKONUR ÆTTU AÐ EIGA Í SAFNINU SÍNU.



KOMIN Í VERSLANIR
OG Á LEIGUR.

SAM MYNDIR

GRÍPTU MED ÞÉR
SERÍU 1 Í LEIDINNI.



Heilbrigð sál

Líkamsræktaræðið hefur teygt anga sína víða og hefur landinn síðustu ár hamast og erfiðað í líkamsrækt til að tóna og fínþússa kroppinn. Síðustu misseri er fólk þó betur farið að gera sér betur grein fyrir mikilvægi heilbrigðar sálar í hraustum líkama. Því hefur jógaá-stundun vaxið mikið hér á landi og flykkist fólk í jóga tíma í þeim tilgangi að anda og blása og finna innri frið. Jógaæfingar skerpa einbeitingu og efla jafnvæggisskynið. Full meðvitund er notuð við æfingarnar svo einbeitingin færir inn á við og hugurinn róast. Jógaástandum er góð leið til að komast í snert við sjálfan sig, eitthvað sem við þurfum öll á að halda í annríki lífsins. Stundum er ekkert meira slakandi en liggja samkvæmt á dýnu og anda og blása.

Texti: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR
 Model: ARNA Í YOGA SHALA
 Mynd: GETTY IMAGES



| heitt & kalt |

Heitt

Volgt

Hvorki heitt né kalt

Vrú stofuhita

Ískalt

SVART INN Á HEIMILIÐ. Gardínur, rúmföt, blómavasar, kertastjakar, serviettur. Sé það svart þá er það smart.

PEYSUKJÓLAR. Hlýr og æðislegir sem þýðir að loksins er hægt að vera í kjól allan ársins hring. Flottir með belti og leggings eða utan yfir þröngar gallabuxur.

SPÍTALASÁPUR. Svo virðist sem endalaust sé hægt að hafa gaman af ástarlífi starfsfólk sjúkrahúsanna, en fer ekki að koma nóg? Hversu mörgum getur einn skurðlæknir eða læknanemi sofið hjá?

MEXÍKÓSKUR MATUR. Hann var svo ótrúlega framandi fyrir nokkrum árum en nú er hann jafn hversdagslegur og soðin ýsa.

DJAMMAÐ TIL MORGUNS. Það er kúl að vera ábyrgur og fara snemma heim. Enda ekkert subbulegra en angandi þynnka næsta dag.

ÍSLENSKAR ÞJÓÐHETJUR

Gullaldartími okkar var þegar knörr sigldu með vígreifa víkinga sem hjuggu menn í herðar niður. Við áttum hetjur sem ort var um í ljóðum og bókum sem enn lifa í dag. Við áttum Gunnar sem fannst hlíðin svo falleg, Egill sem hjó mann og annan, Véstein, en því miður fyrir hann hneit þar, og Gísla sem girti sig alltaf vel.

Nú er önnur gullöld íslenska lýðveldisins runnin upp. Við förum í viking í jakkaføtum og allt sem við gerum vekur athygli. Aftur eigum við hetjur sem hafa ýtt þjóðlegu minnimáttarkenndinni út fyrir 50 mílurnar og loksins, loksins erum við aftur orðin: Ísland - bezt í heimi!

EIÐUR SKORAR mörkin fyrir besta félagsliðið í heimi. Bara ef hinir í landsliðinu væru jafn góðir.



ALLIR ELSKA MEISTARANN og þetta er hinn eini sanni. Jón Páll Sigmarsson er holdgervingur þess sem við viljum öll vera. Viðkunnanlegi ofurmaðurinn sem sigrar í hverri þraut.

KYNÞOKKAFYLLSTI AUÐJÖFUR í heimi, eða var það bara í Bretlandi. Skiptir ekki máli. Hann er ríkur, hann er myndarlegur, og hann er íslenskur nútímavíkingur.



BESTA BÍÓMYNDIN í kvikmyndahúsum er að sjálfsögðu íslensk. Hún fjallar um lögreglumann sem gengur í ullarpeysu og borðar svið. Erlendur er okkar Taggart.



ÍSLENSKA KINDIN er sönn þjóðhetja. Hún stendur úti í öllum veðrum og borðar lyng svo hvert einasta haust geti hún gefið okkur ullina sína og kjötið. Hún gerir það kannski ekki sjálfviljug, en hún gerir það samt.



VIÐ EIGUM FALLEGSTU konu í heimi. Unnur Birna er alveg jafn falleg og í fyrra og ef hún myndi keppa við núverandi titilhafa myndi hún án efa sigra. Hver stenst þetta brost?



Í Evrópu eru mörg ólík lönd og öll hafa þau sín sérkenni

Með Vodafone Passport sameinast þau í eitt
mínútuverð. Það sama og á Íslandi.

FILEN/STIA



Vodafone Passport er ný byltingarkennd þjónusta sem gerir viðskiptavinum Vodafone kleift að hringja á sama mínútuverði í 18 löndum í Evrópu og heima. Greitt er 139 kr. upphafsgjald og eftir það gildir sama verðskrá og á Íslandi. Með **Vodafone Passport** geta viðskiptavinir Vodafone sparað til dæmis 48% í Danmörku, 59% á Spáni og 76% í Bretlandi miðað við fimm mínútna símtal.

Skráðu þig strax á www.vodafone.is, komdu við í verslun okkar, eða hringdu í 1414. Þú getur líka skráð þig með því að senda SMS skilaboðin **Passport** í 1900. Það er enginn stofnkostnaður og ekkert mánaðargjald.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone



brennslan mín ...
Sigurður Alexander Oddsson


Í eyðimörkinni í kringum Hveragerði

Munið nafnið Sigurður Alexander Oddsson. Hérna er kominn ungur piltur sem við eigum bókað eftir að heyra meira af í framtíðinni. Ásamt því að læra hönnun í Listaháskóla Íslands er hann söngvari í hljómsveitinni Future Future sem hefur verið að vekja athygli. Sigurður lét okkur fá tíu lög sem eru í upphaldi hjá honum í augnablikinu. „Þetta eru lög sem ég myndi setja á um hádegi á dimmum föstudegi í Reykjavík. Fyrir mér kæmi hann mér í snertingu við raunveruleikann og fengi mig til að elska skammdegið eins og það er. Fengi mig til að dansa við það,“ segir Sigurður.

- LAG 1 Klown - McLaren.** Nú eru dagarnir farnir að styttest allhressilega og myrkið að taka sinn toll á hversdagslíðan manns. Því finnst mér rétt að hefja þennan disk í elektóníska ambient drunga þessarar lítt þekktu grúppu frá Danaveldi.
- LAG 2 Grizzly Bear - Lullabye.** Þetta lag er af nýja disk krúttanna í Grizzly Bear, Yellow House, sem er að mínu mati besti diskur ársins.
- LAG 3 Future Future - Crystal Trail.** Þetta lag lýsir í orðum og tónum hinu algera myrki vetrarins, þó með von eða vissu um komandi birtu í náinni framtíð, eða framtíðarframtíðinni í það minnsta.
- LAG 4 Johnny Sexual - Bloody Hands, Bloody Shirt.** Af væntanlegri plötu góðvinnar míns, Johnny Sexual, sem heitir Nifty Fingerwork. Þetta er harðasta og mest dark lagið á plötunni en e.t.v. finnst mér það frábært því ég hjálpaði honum örlítið við gerð lagsins.
- LAG 5 Marc Romboy & Stephan Bodzin - The Old Alchemist.** Búið að vera í upphaldi hjá mér síðastliðna tvo mánuði eða svo, en það er mest minimal og drungalegasta tech-house lag sem ég hef heyrð.
- LAG 6 Trentemøller - Into the trees (Serenetti pt.3).** Nú þegar ég er dottinn inn í teknó filinginn er erfitt að komast úr honum, og því myndi ég hafa þetta magnaða lag eftir Anders Trentemøller af plötunni hans The Last Resort.
- LAG 7 Stephan Bodzin - Pendulum.** Hann er upphalds elektróníski listamaðurinn minn núna. Hér rígheldur hann í minimalismann og myrkið, með ofurdjúpum púlsandi bassa og dáleiddandi hæri hljóðum sem einangra mann og fá mann til að hreyfa sig taumlaust í eigin heimi.
- LAG 8 Matthew Jonson and The Mole - Dirt Road and a Boat from Soundwave.** Heyrði þetta fyrst í bíl í eyðimörkinni við Hveragerði eftir sunderferð og í því umhverfi með þetta í botni gleymdi ég mér alveg.
- LAG 9 Ozgur Can - On The Whitest Day.** Ég fékk þetta lag mjög nýlega og kylliféll fyrir djúpa og minimalíska botninum í þessu lagi. Það helst frekar downbeat allan tímann en er ótrúlega skemmtilega uppbyggt og með æðislegt grúv.
- LAG 10 Chet Baker - Let's Get Lost.** Til að enda þetta á aðeins bjartari nótum. Þetta lag þjónar líka góðum tilgangi þegar klúbbarinn loka eftir fimm að biðja gesti að syngja með og að vinsamlegast 'get lost'.

» birta mælir með ...

... **ÖÐRUVÍSI SERVIETTUM** Servíettur eru frábært borðskraut og nýtilegar að auki. Stundum er nóg að setja fram skemmtilegar servíettur til að lyfta upp litlausu borðhaldi. Þessar geta að minnsta kosti komið af stað áhugaverðum samræðum því þær eru nýstárlegar í laginu og svo er mynstrið flott. Þær fást í Tekkhúsinu og kosta 550 krónur pakkinn.



... **MASKARANUM FRÁ YSL** Hann klessist ekki, endist lengi og er líka gyltur og þar af leiðandi fullkomlega í tísku. Augnahárin virka löng og þétt og blikkið klikkar ekki.



... **BÓKINNÍ UM BANGSANN TÝNDA** Þessi yndislega bók er úr tauí og minnir eldri lesendur á bókina um Benna og Báru. Sagan gengur út á að leita að bangsa á bak við flipa en þar er allt annað en bangsi sem finnst ekki fyrr en á síðustu síðunni. Frábær fyrsta bók handa litlum lestrarfolöldum.



NÝTT

Ljóðabókin AÁBCDÐEÉFGHIÍJKL MNOÓPQRSTUÚVWXYÝZPÆÖ

Út er komin ljóðabókin AÁBCD ÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚ VWXYÝZPÆÖ eftir skáldið Óttar M. Norðfjörð. Hefur bókin vakið töluverða athygli fyrir óvenjuleg efnistöð þar sem hvert ljóð byggir á orðum sem byrja á sama bókstaf. Ljóðin eru síðan í stafrófsröð þannig að í raun gildir það sama um öll orð bókarinnar. Nýhil annast útgáfu AÁBC ÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPQRST UÚVWXYÝZPÆÖ, sem er gott dæmi um þá grósku sem hefur einkennt starfsemi útgáfunnar að undanförmu.



FELLSMÚLI 28 GAMLA WORLD CLASS HÚSIÐ

LAGERSALA

FLOTT MERKI - FÍN FÖT - FRÁBÆRT VERÐ

DEBENHAMS

TOPSHOP

oasis

DOROTHY
PERKINS

TOPMAN

evans.

ALLSAINTS

KAREN MILLEN

c o a s t

Whistles

THE SHOE STUDIO

WAREHOUSE

500 - 1.000 - 1.500

2.000 - 3.000 - 4.000 - 5.000

ÓPIÐ 11-19 ALLA DAGA

4.-19. NÓVEMBER



Texti: RUT HERMANNSDÓTTIR
Mynd: ANTON BRINK

» SAMFÉLAGIÐ BÝR YFIR VANNÝTTUM AUÐI

Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, er formaður FKA, félags kvenna í atvinnurekstri. Um fimm hundruð konur eru í félaginu sem hittast reglulega og hvetja hver aðra til dáða.

HVAÐ GERIR FKA - FÉLAG KVENNA Í ATVINNUREKSTRI?

Markmiðið er að efla og sameina konur í atvinnurekstri, nýta þekkingu hvorrar annarrar og hvetja til frumkvöðlastarfa og viðskipta sín á milli. Einnig viljum við stuðla að virðingu og verðskuldaðri athygli á framlagi kvenna í atvinnurekstri. Við hittumst reglulega til að kynnast betur og bjóðum upp á viðskiptatengdan fróðleik og skemmtun. Einnig má nefna samstarf við alþjóðleg samtök kvenna í atvinnurekstri sem eykur möguleika á viðskipta-samböndum.

AF HVERJU ER HLUTFALL KYNJANNA SVONA SKAKKT Í VIÐSKIPTALÍFINU?

Völdin í viðskiptalífinu liggja í höndum karlanna sem gjarnan velja aðra karlmenn. Áður fyrr var kannski hægt að segja að konur skorti menntun. Nú eru þær jafn menntaðar, hæfar og reyndar en vantar tækifæri og tengslanet. Þess vegna leggjum við ríka áherslu á tengslanetið. Það skiptir miklu máli að koma allavega einni konu í áhrifastöðu fyrirtækja og stjórna. Þessi kona getur síðan mælt með öðrum hæfum

konum. Karlmenn eru duglegir við að rækta sitt tengslanet og þekking oft lítið til okkar kvenna. Þess vegna er svo mikilvægt að kona þekki konu eins og maður þekkir mann.

KONUR KONUM VERRI?

Alls ekki! Þetta er ein leiðinlegasta þversögn sem ég heyri. Allar konur sem ég þekki, t.d. í FKA, eru boðnar og búnar til að hjálpa og aðstoða. Það hlýtur að hafa verið maður sem bjó þessa klisju til. Ég hef aldrei rekist á konu sem vill kynsystur sinni eitthvað annað en gott. Ég sjálf hef notið mjög góðs af þekkingu annarra félagskvenna í FKA.

HVAÐA BREYTINGAR VILTU SJÁ?

Að viðskiptalífið taki við sér og nýti þær hæfu konur sem eru í boði. Það er margsannað að jöfn kynjahlutföll skila meiri árangri og arði. Ég óttast að stjórnvöld og samfélag krefjist breytinga mjög fljótlega en lagasetning um kynjakvóta er þrautalending sem ætti að vera síðasti kostur. Íslenskt viðskiptalíf hefur það í hendi sér að koma í veg fyrir það og gera breytingar.


Það pirrar mig verulega þegar endalaust er sagt að hæfasti einstaklingurinn ætti að vera valinn. Það þarf enginn að segja mér að ekki hafi fundist hæf kona í allar þær toppstöður sem ráðið er í vikulega. Enda sagði ein ágæt kona að fullkomnu jafnrétti væri ekki náð fyrr en það þætti jafn sjálfsagt að ráða óhæfa konu til jafns við óhæfan mann.

HVAÐ ER FRAMUNDAN HJÁ FÉLAGI KVENNA Í ATVINNUREKSTRI?

Efla okkar konur og tengslanetið og halda umræðunni gangandi. Við sjáum að ímynd banka og annarra fyrirtækja fer að skipta máli í beinhörðum peningum. Fjölmargar konur vilja ekki stunda viðskipti þar sem hlutfall kynjanna er skakkt og beina sínum viðskiptum frekar til aðila á markaðinum sem eru komnir inn í 21. öldina. Íslenskar konur börðust á sínum tíma fyrir því að við í dag getum kosið, menntað okkur og átt eignir. Þess vegna vil ég taka þennan kyndil áfram svo að baráttumál dagsins verði komin í lag þegar dóttir mín fer út á vinnumarkaðinn og getur látið sína drauma rætast.

Ferskar Ítalskar kaffibaunir fyrir vandláta

mölum á staðnum



KAFFI

KAFFIHÚS - TAKE AWAY

Glæsileg ítölsk gjafavara, kaffibollar,
morgunverðasett og margt fleira.



PROFESSIONAL

Hágæða ítalskar kaffivélar frá Quick Mill fyrir heimili fyrirtæki og stofnanir.

Alvöru espresso með þykkri kaffifroðu eða mildara, alveg eins og þú vilt, nákvæmlega eins og á bestu kaffihúsunum.



K A F F I B Ú Ð I N

Hamraborg 1, sími 5546054, www.kaffibudin.is

Er Borat kannski Mahir?

Árið 1999 skaut ný tegund af stjórnunni upp á stjórnuhimininn. Sjarnan sú var tyrkneskur maður að nafni Mahir Cagri sem gerði ekkert annað til að öðlast hylli en halda úti heimasíðu þar sem hann kynnti sjálfan sig og áhugamál sín. Hlekkur á síðu Mahirs var sendur á milli óteljandi netfanga og ekki leið á löngu áður en fjallað var um hann í ýmsum blöðum og tímaritum (m.a. valdi PC magazine síðuna hans sem eina af 25 verstu heimasíðum jarðar). Milljónir manna um allan heim skoðuðu heimasíðu Mahirs og frasar eins og „I kiss you“ (upphafsorðin á heimasíðunni) og „I like sex“ hljómuðu af vörum húmorista.

Það að einhver skuli halda úti persónulegri heimasíðu ætti ekki að vera í frásögur færandi nema hvað heimasíða Mahirs var óvenjulega opin og einlæg. Á lélegri ensku upplýsti hann lesendur sína um að hann hefði áhuga á kynlífi (I like sex) og um leið birti hann myndir af m.a. bílnum sínum, hljóðfærum og sjálfum sér að leggja stund á einhver af sínum mörgu áhugamálum; til dæmis að spila borðtennis, dansa eða liggja í sólbaði. Já, Mahir virðist margt til lista lagt. Að auki er hann blaðamaður („My profession journalist...I like to take foto-camera: animals, towns, nice nude models and peoples“) og svo hefur hann sérlega gaman af ferðalögum og kvenfólki. Rúsinan í pylsuendanum á heimasíðu Mahirs voru persónuleg símanúmer hans – ef vera skyldi að einhver áhugasöm snót skyldi falla fyrir honum – „My tall 1.84 cm. My weight 78 kg. My eyes green. I live alone!!!! I have home-car...“

Fyrir þremur árum (þremur árum eftir að Mahir kom fyrst fyrir sjónir almennings) birtist Borat á skjánum. Kasakskur fjölmiðlamaður með stórt og mikið yfirskegg og enn meira „mojo“. Borat lætur það oft flakka að honum líki kynlíf, hann dansar furðulega og gerir mikið af því að setja þumla upp (eins og Mahir í myndbandinu við lagið „I kiss you“). Hann spilar líka borðtennis og leikur á þjóðleg hljóðfæri. Það er engum blöðum um það að fletta að Sacha Baron Cohen, maðurinn á bak við Borat, hefur skoðað heimasíðu Mahirs, horft á myndbandið og í mörgu tekið hann sér til fyrirmyndar þegar hann þróaði persónuna Borat. Reyndar eiga þeir tveir það ekki sameiginlegt að hata gyðinga vegna þess að Mahir nýtti sér tímabundna frægð sína til að vekja athygli á fríðar- og mannúðarmálum en engu að síður eru það of mörg atriði sem þessir tveir félagar eiga sameiginleg til þess að um hreina tilviljun sé að ræða. Til dæmis hrópar Borat iðulega „I like sex!“ og áhugamál hans virðast nánast þau sömu og Mahirs, t.d. borðtennis, ferðalög og konur.

Því er um að gera fyrir aðdáendur Borats að kynna sér frumgerðina, Mahir, en um hann má m.a. fræðast á eftirfarandi vefsíðum: Heimasíðan góða: <http://www.istanbul.tc/mahir/mahir/> Alfræðiorðabók: http://en.wikipedia.org/wiki/Mahir_Cagri Myndband við lagið „I kiss you“: <http://www.youtube.com/watch?v=t77-LpSRbBQ>



Borat í útlöndum.



Mahir í útlöndum.



Borat aftur í útlöndum.



Mahir að spila á harmonikku.



Mahir í jakkafötunum sínum.



Borat, eldhress á rauðum stuttbuxum í París.



Mahir að baða sig í sólinni á rauðu sundskýlunni.



Mahir spilar borðtennis.



Mahir að dansa við vin sinn.

Viðarparket

**OKKAR
BESTU
BOÐ!**



**Þessar vörur
eru fáanlegar
með vaxtalausum
afbörgunum**
í allt að 12 mánuði

Eik 60 sm 1.990,- pr.m ²	Eik Family 1.flokkur 3.890,- pr.m ²	Eik Natur 4 stafa 4.490,- pr.m ²	Rauð Eik Terra 3.890,- pr.m ²
Rauð Eik Natur 4.990,- pr.m ²	Hlynur Accent 4.990,- pr.m ²	Hlynur Fantasy 2.990,- pr.m ²	

Hurðir



Yfirfelldar hurðir:
Hlynur CPL
Stærðir: 70 - 80 - 90 sm
Verð: 29.900,-
karmur 10-11,7cm

Plastparket

Beyki R-65 1.590,- pr.m ²	Eik Victoria R-42 1.590,- pr.m ²	Hnota R-83 1.590,- pr.m ²
---	--	---

Hreinlætis- og blöndunartæki



Noa sturtuset
14.900,-



Handlaug 29.900,-



Geyser 4020 9.900,-



Damixa 27450C 15.900,-

Flísar

Nord Stone Cromite 5.990,- pr.m ² Stærð: 30 x 60 sm	Nord Stone Grigo 5.990,- pr.m ² Stærð: 30 x 60 sm
Opus beige veggflísar 2.990,- pr.m ² Stærð: 25 x 42,5 sm	



HARÐVIÐARVAL

-þegar þú kaupir gólfefni



Bækurnar eru eins og börnin mín

Björk Bjarkadóttir er barnabókahöfundur, myndskreytir og hönnuður. Íslensk börn kannast vel við persónur Bjarkar eins og Gíra stýra og ömmu hans Óla sem er ofuramma og fangar bófa og ræningja á nóttunni. Blaðamaður Birtu heimsótti Björk í Osló, þar sem hún býr og starfar, og fræddist um það hvernig barnabók verður til.

Það er fremur hráslagalegt um að litast í Osló þegar blaðamaður bankar upp á hönnunarstofunni Basta. Þar hafa átta hönnuðir komið sér fyrir og er Björk ein þeirra. „Þetta er ekki eiginlegt fyrirtæki,“ útskýrir Björk um leið og hún opnar dyrnar að vinnustofunni sinni. „Við vinnum öll sjálfstætt að okkar verkum en erum með aðstöðu hér saman. Það er ofboðslega gott að hafa aðra hönnuði í kringum sig, til dæmis ef maður þarf að fá faglegt álit,“ segir Björk og bætir því við að annars geti orðið dálítið einmanalegt að vinna sjálfstætt.

NÓG AÐ GERA

Björk er menntaður grafískur hönnuður og myndskreytir frá skóla í París og hefur unnið við hönnun síðan hún útskrifaðist árið 1997. „Ég fór út beint eftir stúdents-

prófið og var í námi í Frakklandi í fimm ár,“ segir hún. Eftir útskrift starfaði Björk á hönnunarstofu í Brussel í þrjú ár en síðan þá hefur hún starfað sjálfstætt í Frakklandi, heima á Íslandi og nú í Noregi þar sem hún hefur búið síðasta árið.

„Það eru náttúrulega algjör forréttindi að starfa sjálfstætt og vera sinn eigin herra. Mér líkar það rosalega vel og ég hef ekki þurft að kvarta undan verkefnaskorti,“ segir Björk sem hannar bókakápur, myndskreytir bækur, setur upp bæklinga og býr til lógó á milli þess sem hún semur og myndskreytir sínar eigin barnabækur.

Nýjasta barnabók Bjarkar er einmitt nýkomin út hjá Máli og menningu. „Hún heitir Amma fer í sumarfrí og fjallar um sömu persónur og í bókunum Amma og þjófurinn í safninu og Leyndarmálið hennar ömmu,“ útskýrir Björk og blaðamaður

spyr hvort það sé mikill munur að skila af sér verki sem unnið er fyrir aðra eða bók sem hún býr til sjálf alveg frá A til Ö. „Það sem ég geri sjálf er auðvitað eins og barnið mitt. Það er alltaf spennandi að sjá hvernig útkoman verður og erfitt að sleppa takinu og ákveða hvenær verkið er fullklárað. Það á við sama hvort um er að ræða mína eigin bók eða verk sem er unnið fyrir aðra, en auðvitað þykir manni aðeins vænna um það sem maður gerir alveg sjálfur.“

MIKIL VINNA

En hvernig verður myndskreytt barnabók til? „Ég hugsa að þetta sé meiri vinna en fólk gerir sér almennt grein fyrir,“ segir Björk og bætir því við að það sé erfitt að segja nákvæmlega hversu langan tíma verkið tekur. „Ég geri bækurnar ekki í einum spretti. Oftast er ég að vinna að

Gefðu heimilinu persónlegan blæ með textílvörum frá Moltex



LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

öðrum verkefnum samhliða enda finnst mér gott að breyta aðeins til og vera með nokkur verk í gangi. Frá því textinn er tilbúinn og þangað til bókin fer í prentun líður kannski ár en á þeim tíma er ég líka að vinna að ýmsu öðru,“ segir Björk og í framhaldi spyr blaðamaður hvort textinn fæðist fyrst eða hvort myndirnar og textinn verði til samhliða.

„Ég sem textann fyrst og finnst mikilvægt að klára hann að mestu svo ég geti byrjað að gera skissur og myndir. Auðvitað breytist textinn eitthvað þegar líður á og ég fínþússa hann alveg fram á síðustu stundu en ég hugsa samt að hann sé svona 90 prósent tilbúinn þegar ég byrja á myndunum,“ segir Björk og sýnir blaðamanni myndir út nýjustu bókinni sinni. „Ég vinn allar myndirnar í akrilmálningu og þetta er ansi mikil handavinna. Ég er kannski heila viku með eina mynd. Fyrst skissa ég og teikna upp með blýanti og svo mála ég. Svo eru önnur verkefni þar sem ég nota aðra tækni og stundum nota ég tölvuna eingöngu. Það fer bara eftir því



Myndirnar í bókunum sínum vinnur Björk með akril-litum.



Mamma er best var gefin út í Austurríki á dögunum.

hvað maður er að gera hverju sinni,“ segir Björk sem vinnur að fjölbreyttum verkefnum í starfi sínu. „Núna er ég til dæmis að vinna að bókum fyrir norskt forlag. Þetta er sería, orðabók, atlas og alfræðiorðabók fyrir börn þar sem ég sé um hugmynda-vinnuna og myndskreytingarnar. Svo er ég líka að gera fræðslubók fyrir börn um stafkirkjur,“ segir Björk og dregur fram skissur og teikningar. „Hérna hanna ég í rauninni alla bókina og sé um að setja hana upp og gera myndskreytingarnar en það eru aðrir sem sjá um textann.“

ÞÝDD Á ÞÝSKU

Það er nóg að gera hjá Björk og hún kann ljómandi vel við sig í Osló. „Í Frakklandi fannst mér að franskur konur þyrftu að velja á milli þess að eignast börn eða vinna að starfsframanum. Hér er það ekki þannig og það er mjög gott að vera með

fjölskyldu hérna,“ segir Björk sem á tvö börn sem að sjálfsögðu veita henni innblástur við vinnuna. „Hugmyndina að bókinni Mamma er best fékk ég þegar ég gekk með yngra barnið mitt. Þá var sonur minn fimm ára og komst ekki lengur fyrir í fanginu á mér þegar ég var að lesa fyrir hann af því bumban var orðin svo stór. Sonur minn tók þessu voða vel, það var aðallega mér sem fannst þetta leiðinlegt, en í bókinni skellti ég auðvitað skuldinni á strákinn og gerði hann fúlan í staðinn,“ segir Björk og brosir.

Mamma er best var gefin út í Þýskalandi á dögunum og er eina bók Bjarkar sem hefur verið þýdd. „Það var dálítið fyndið að fá bókina í hendurnar á þýsku – Mamma ist allerbest,“ segir Björk með ýktum þýskum hreim og hlær. „En það er auðvitað gaman að sjá bókina koma út annars staðar en heima.“





KNUD HOLSCHER/d line PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Industrial Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtipilinn fyrir almenningsalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line
Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



Grasafræðingur í gróðursnaudu landi

Kesara Anamthawat-Jónsson er prófessor við Háskóla Íslands. Allt frá unga aldri hefur líffræði, og þá sérstaklega grasafræði, átt hug hennar allan enda hefur hún skilað henni doktorsnafnbót, eiginmanni, farsælu starfi, og uppfyllingu æskudrauma.

Kesara fæddist í Bangkok þar sem hún var elst fjögurra systkina. Þær aðstæður sem börn alast upp við í Bangkok eru eins og gefur að skilja mjög frábrugðnar því sem gerist á Íslandi. Kesara hlaut strangt uppeldi þar sem dagurinn var vel skipulagður og mestur tími fór í skólann. „Viðhorfið er að menntun sé besta leiðin til að koma sér áfram í lífinu. Það hefur ríkt pólitískur óstöðugleiki í Taílandi um langt skeið og það er engin trygging, ekkert opinbert velferðarkerfi sem tekur af manni fallið ef eitthvað kemur fyrir. Menntun er eitthvað sem maður getur alltaf átt og nýtt sér og þess vegna er hún svo mikilvæg,“ segir Kesara en bætir við að nú sé ástandið mun betra og kerfið sé komið langan veg frá því sem var þegar hún var barn.

Kesara á litla dóttir og viðurkennir fúslega að uppeldi hennar sé að mörgu leyti ólíkt því sem hún hlaut. „Í fyrsta lagi hefur hún meira frelsi til að tjá sig og leika sér vegna þess að það fer ekki jafn mikill tími í lærdóm hér og í Taílandi. Í öðru lagi gengur hún ekki í stúlknskóla.“ Slíka skóla þekkir Kesara vel en allan grunn-skólann sat hún á skólabeck eingöngu með öðrum stúlkum. „Skólinn var mjög agaður og það giltu strangar reglur um hvernig maður átti að haga sér, koma að kennurum og hvernig maður átti að tala.“ Það var ekki fyrir en í háskóla að Kesara deildi skólastofu með strákuinum. „Það var svolítið spennandi,“ segir Kesara

og bætir við glottandi: „Inntökuprófin í háskólann eru mjög erfið en eftir þau þá er námið meira í átt við lygna siglingu. Þess vegna mátti maður við þessari truflun.“

Flestir sjá kvennaskóla fyrir sér sem strangan kristinn skóla þar sem unnur ráða ríkjum. Auðsjáanlega á þetta ekki við í Taílandi þar sem ríkistrúin er búddismi. „Við, eins og allir nemendur í öllum skólum, þurftum að syngja þjóðlag og fara með bæn á morgnana og þannig er það enn þann dag í dag. En þeir sem ekki eru trúaðir þurfa ekki að taka þátt heldur standa þeir bara með og kvarta ekki,“ segir Kesara og hlær.

GRASAFRÆÐIN

Kesara lærði líffræði í Chulalongkorn háskólanum í Bangkok en áhuginn á lífinu sem ekki sást kviknaði snemma. „Pabbi var mjög duglegur að sinna okkur. Hann tók eftir því að ég hafði mikinn áhuga líffræði og sérstaklega því sem ég gat skoðað í smásjá. Ég fékk leyfi til að skoða það sem ég vildi og ég varð gjör-samlega heilluð af þessari veröld sem ekki sást með berum augum.“

Kesara komst að því að líffræðin lá vel fyrir henni og voru einkunnirnar eftir því. Eftir því sem hún lærði meira þrengdist áhugasviðið smám saman og grasafræðin heltók hana. „Ég þoli nefnilega ekki hreyfanleg dýr, sérstaklega ánamaðka og slöngur og slíkt,“ játar Kesara hlajandi og

þínu skömmustuleg enda umkringd dýra- og vistfræðingum á vinnustaðnum.

Að loknu B.S.-námi fór Kesara að kenna við Chulalongkorn háskólann í Bangkok og í kjölfarið hlaut hún Fulbright styrk til náms í Bandaríkjunum, nánar tiltekið í Kansas. Þetta tækifæri var einstakt því árlega sækja 10.000 landar Kesöru um en einungis 10 fá styrk. „Það var ótrúlegt ævintýri að koma til Bandaríkjanna þrátt fyrir að ég kynni afar takmarkaða ensku. Ég var alltaf með fyrstu einkunn í ensku en ég var samt miklu lélegri en allir hinir Fulbright styrkþegarnir svo ég þurfti á einkakennslu að halda.“

FULBRIGHT ÁST

Fulbright styrkurinn veitti Kesöru ekki eingöngu tækifæri til framhaldsnáms heldur átti hann þátt í því að hún kynntist eiginmanni sínum, Friðriki Jónssyni, sem þá nam flugvélafræði í sama skóla og Kesara. „Við kynntumst fyrir tilviljun í matarboði á vegum Fulbright stofnunarinnar, en hann var einnig styrkþegi,“ segir Kesara en fram að Kansasför Kesöru hafði hún haft afar fá tækifæri til að kynnastrákum og fara með þeim á stefnumót. „Það var samþykki í fjölskyldunni að ég mætti ekki fara í bíó, matarboð eða slíkt nema í foreldrafylgd fram að fyrsta háskólaprófi. Ég fór því út um allt með pabba þangað til ég kláraði skólann 21 árs,“ segir Kesara og hlær. „Þá fékk ég loks félagslegt frelsi. Pabbi treysti mér

„Ég hafði aldrei séð neitt þessu líkt. Það var enginn skógur! Ég bara brosti allan bringinn. Svo þegar við keyrðum frá flugvelliinum með foreldrum Friðriks þá bað ég þá nokkrum sinnum að stoppa því mig langaði svo að hlaupa út og hoppa í þessu mosalandi.“





samt alltaf fullkomlega og gerði það líka þegar ég fór til Kansas. Þegar ég skrifaði til þeirra og sagði þeim frá Friðriki tóku þau því líka mjög vel.“

Í kjölfar námsins í Bandaríkjunum fluttu Kesara og Friðrik til Taílands þar sem þau bjuggu í ár. Þá var komið að því að flytja til Íslands.

„Ég gleymi því aldrei þegar flugvélin lenti á Keflavíkurflugvelli í minni fyrstu heimsókn sumarið 1978. Þrátt fyrir að hafa búið í Kansas, þar sem snjórinn getur orðið nokkuð mikill, var mér ótrúlega kalt þegar ég kom út úr flugvélinni. Það var svo hvasst að gat ekki staðið upprétt og þegar ég kom að dyrunum að flugstöðinni skalf ég í hnjúnum.“

Kesara man líka vel eftir tilfinningunni sem hríslaðist um hana áður en flugvélin lenti. Himinninn var heiður og Reykjanesið sást vel. „Ég hafði aldrei séð neitt þessu líkt. Það var enginn skógur! Ég bara brosti allan hringinn. Svo þegar við keyrðum frá flugvelliinum með foreldrum Friðriks þá bað ég þá nokkrum sinnum að stoppa því mig langaði svo að hlaupa út og hoppa í þessu mosalandi.“

EIN AF FÁUM

Árið 1978 voru ekki margir innflytjendur frá Asíu á Íslandi og segist Kesara ekki þekkja til þess að nokkur Taílendingsur hafi búið hér á þeim tíma. „Þegar ég flutti hingað 1982 veit ég til þess að hér hafi búið fjórir Taílendingsar. Ein kona bjó í Vestmannaeyjum og hana hitti ég nokkrum sinnum og önnur flutti hingað rétt á eftir mér en hana þekkti ég fyrir því hún var einnig Fulbright styrkþegi í Bandaríkjunum. Svo var einn karlmaður og svo kom Vilai, konan hans Errós, oft í heimsókn.“

Kesara segist hálfpartinn hafa upplifað sig sem stjórnun þegar hún flutti til landsins. „Móttökurnar voru mjög góðar og þó fólk hafi horft svolítið á mig á úti á götu var það allt í góðu. Það var bara forvitið og fannst ég spennandi. Í veislum var ég hálfgerður heiðursgestur og mér leið eiginlega eins og stjórnun. Fólk hafði mikinn áhuga á að vita hvernig Taíland var og hvernig það gæti komist í bækur til að fræðast meira.“

Margt hefur breyst síðan þá og nú eru mun fleiri Taílendingsar búsettir hérlend-

is auk þess sem fjöldi Íslendinga hefur heimsótt Taíland. „Það er meira um fordóma á Íslandi nú en þegar ég kom hingað fyrst, en örugglega miklu minna en annars staðar í heiminum. Ég hef aldrei orðið fyrir fordómum og þar held ég að tungumálið skipti þar miklu máli. Ég mun aldrei tala íslensku eins og ég tala taílensku en ég get tekið þátt í öllum samræðum og ég fæ að heyra allar kjaftasögurnar. Því upplifi ég mig sem hluta af íslensku þjóðinni.“

Mikilvægi þess að halda í uppruna sinn er hlutur sem Kesara gerir sér vel grein fyrir. Á hverju ári heimsækir hún fjölskyldu sína í Taílandi, en hlé varð á heimsóknunum þegar móðir hennar lést fyrir sjö árum. „Þá missti ég ræturnar og hætti að fara í smá tíma. Eftir að ég eignaðist dóttur mína vaknaði löngunin aftur því mér finnst mikilvægt að hún kynntist arfleifð sinni, menningu og tungumáli. Hún gekk meðal annars í mjög góðan taílenskan skóla í þrjá mánuði þar sem hún lærði að lesa og skrifa taílensku því það er ekki nóg að tala tungumálið, maður verður að geta lesið það og skrif-



Landsbankinn

Vörðu- og Námufélagar
fá 50% afslátt á sýningar Íd.

[Íd]

ÍSLENSKI
DANSFLOKKURINN

*Fjölskyldu-
sýning*

Ókeypis fyrir 12 ára og yngri | LAUGARDAGA KL. 14 | Miðasala í Borgarleikhúsinu
og hálfvirði fyrir 13 - 16 ára | 11 · 18 · 25 · NÓVEMBER | s. 568 8000 eða á www.id.is

„Það var samþykki í fjölskyldunni að ég mætti ekki fara í bíó, matarboð eða slíkt nema í for-eldrafylgd fram að fyrsta háskólaprófi. Ég fór því út um allt með pabba þangað til ég kláraði skólann 21 árs.“



að.“ Nú fer Kesara oftast en nokkru sinni til Taílands, bæði vegna dóttur sinnar og á vegum Háskólans í Bangkok en hann og Háskóla Íslands hafa tekið upp samstarf fyrir tilstilli Kesöru.

DOKTOR FRÁ CAMBRIDGE

Þrátt fyrir að Kesöru hafi verið tekið afar vel getur ekki hafa verið auðvelt fyrir grasafraeðing að koma frá skógi vöxnu hitabeltislandi í auðnina sem Ísland er. „Þegar ég fór að skoða plönturnar hérna komst ég að því að það er mikill fjölbreytileiki í flórunni. Það er ekki spurning. Maður þarf bara að skrifa til að sjá hann.“

Fyrstu sex árin á Íslandi vann Kesara á Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, eða allt þar til hún fór í doktorsnám í Cambridge háskóla á Englandi. „Þeir hjá Fullbright vildu að ég færi í doktorsnám í Bandaríkjunum eftir að ég kláraði meistaranámið. Ég hefði þurft að skipta um skóla og það hentaði mér ekki. Svo loksins árið 1988, 10 árum eftir að ég kláraði námið í Kansas, fannst mér ég hafa nægan þroska og reynslu til vita nákvæmlega hvað ég vildi sérhæfa mig í.“ Sviðið sem Kesara valdi sér var erfðafræði plantna.

Doktorsnáminu lauk Kesara á þremur árum og kom aftur til Íslands reynslunni ríkari. Þegar líffraeðingur setur fram niðurstöður rannsókna skiptir öllu máli að hann hafi fræðilegan grunn til að verja skoðanir sínar. Doktorsnafnsbótin veitti Kesöru einmitt þennan grunn sem og aukið sjálfstraust og stuðning samstarfsmanna til að standa bak við verkefni sín fræðilega.

Allt frá komu sinni til landsins var Kesara í sambandi við Háskóla Íslands vegna rannsókna sinna. Árið 1996 hóf hún störf við líffraeðiskor skólans en við það rættist gamall draumur. „Ég hef alltaf haft ríka þörf fyrir að koma kunnáttu minni áfram til þeirra sem vilja læra. Það er mjög leiðinlegt að læra, rannsaka og fá góðar niðurstöður ef enginn veit af því og enginn græðir á því nema ég. Ég held ég sé kennari í hjartanu og ég held ég hafi alltaf verið það.“

Jól

á Óperu



Jólahlaðborð

Úrvals hráefni, Árni Ísleifsson handleikur pianóið, óvæntar upptakomur og frábær þjónusta

kr. 5.500.-

Pantaðu borð í síma: 552 9499



Lækjargötu 2 / 101 Reykjavík

POLENTA

Pegar kólnar í veðri og maturinn verður „þyngri og meiri“ fara Ítalir að elda polentu á ný. Polenta er maís-mjöl sem notað er til að búa til þykkun jafning í anda kartöflustöppu. Allt mögulegt er hægt að gera með polentuna, t.d. gratínera hana, grilla og steikja. Hún er vinsæl með ýmsum ostum og hér er hún annars vegar gratíneruð í eldföstu móti með gorgonzola-osti og hins vegar skorin í tígla og grilluð í ofni með geitaosti.

Gratíneruð polenta með gorgonzola

5 b vatn
300 g polenta
2 msk smjör
salt og svartur pipar
125 g gorgonzola-ostur

Setjið vatn í pott og 1 tsk af salti. Látið suðuna koma upp. Setjið polenta-mjöl-ið saman við vatnið í mjórri bunu og hrærið vel í á meðan. Gætið að því að polentan bubblar mjög mikið og þykkunar skyndilega. Hrærið vel í polentunni í 6 til 8 mín. en þá ætti hún að vera tilbúin, hæfilega þykk þannig að hægt sé að hræra hana auðveldlega. Smakkið til með salti og pipar og hrærið smjörklípu saman við. Setjið í eldfast mót og sléttíð úr polentunni. Myljið gorgonzola yfir. Stingið undir vel heitt grill í ofni þar til osturinn er bráðinn. Gott með öllu kjöti og fiski.



*Dekraðu við þig
og gesti þína*

VATIKANÍÐ

*Ljúffengar Mini Brownies með unaðslegri, mjúkri
súkkulaðifyllingu er frábært að bera á borð fyrir
gesti eða þegar þú vilt dekra við þig.*



Unaðsleg, mjúk súkkulaðifylling



Grilluð polenta í tíglum með geitaosti

2 1/2 b vatn
150 g polenta
1 msk smjör
salt og svartur pipar
125 g geitaostur
Salat að eigin vali
Góð ólífuólía
Balsamikedik

Setjið vatn í pott og 1/2 tsk af salti. Látið suðuna koma upp. Setjið polenta-mjölið saman við vatnið í mjörri bunu og hrærið vel í á meðan. Gætið að því að polentan bubblar mjög mikið og þykknar skyndilega. Hrærið vel í polentunni í 6 til 8 mín. en þá ætti hún að vera tilbúin, hæfilega þykk þannig að hægt sé að hræra hana auðveldlega. Smakkið til með salti og pipar og hrærið smjörklípu saman við. Breiðið úr polentunni á bökunarpappír og smyrjið hana þunnt út, hafið hana um 1 cm þykka. Látið kólna alveg en þá stífnar hún vel. Skerið kalda polentuna í tígla. Myljið geitaost eða annan mjúkan ost yfir tíglana. Stingið undir vel heitt grill í ofni þar til osturinn er bráðinn. Berið fram á fersku salati, blandið jafnvel saman tveimur ólíkum tegundum, dreypið olíu og balsamikediki yfir. Gott með öllu kjöti og fiski, einnig sem léttur forréttur.



Peter Lehmann valinn besti framleiðandi heims

Ástralska vínfyrirtækið Peter Lehmann var í síðustu viku valið víngerðarfyrirtæki ársins í einni helstu vínkeppni heims International Wine & Spirits Competition í Lundúnum. Þetta eru ein virtustu verðlaun í vínheiminum og komu þau geysilega á óvart þar sem að einungis eru þrjú ár síðan að Peter Lehmann hreppti verðlaunin og nánast óþekkt er að sami framleiðandinn vinni verðlaunin tvisvar, hvað þá með jafn stuttu millibili. Þykir þetta festa Peter Lehmann í sessi sem einn alfremsta vínframleiðanda veraldar.

Fyrirtækið lét ekki þar við sitja að hirða aðalverðlaun keppninar því það var að auki útnefnt besta ástralska fyrirtækið og aðalvíngerðarmaður þess, Íslandsvinurinn Andrew Wigan, var valinn víngerðarmaður ársins. Einnig fékk Peter Lehmann verðlaun fyrir besta riesling vín keppninnar auk þess sem hvorki fleiri né færri en 11 önnur vín fengu ýmist gull, silfur eða bronsverðlaun í sínum flokkum.

International Wine & Spirits Competition er virtasta keppni heims þar sem víngerðamenn og framleiðendur velja það besta úr vínheiminum. Vínin eru blindsmökkuð til að gæta hlutleysis auk þess sem efnainnihald þeirra er greint nákvæmlega en þau þurfa að uppfylla ströng skilyrði um framleiðsluáferðir og innihald til að hljóta verðlaun. Yfir 5000 vín voru tilnefnd í keppnina í ár og samkeppnin gríðarlega hörð.

En það eru veitt verðlaun víðar en í Lundúnum. Nýverið veittu Vínþjónasamtök Íslands verðlaunin "Gyllta glasið" og var keppt í flokki vína sem kosta frá 1.500 - 2.000 kr. í vínbúðum. Fimm rauðvín voru valin og var eitt þeirra vínið Peter Lehmann Futures Shiraz.

Í nýjasta hefti Gestgjafans var freyðivínið Peter Lehmann Pinot Noir Chardonnay Cuvée valið bestu kaupin. Enn eitt gæðavínið frá Lehmann bættist svo í hillur vínbúðanna á dögnum, rósavínið Peter Lehmann Barossa Rosé.



FLOTT FYRIR VETURINN

KYNNING

1



2



3



1. Kiss Kringlunni. 5.990 kr. 2. Next Kringlunni. 2.990 kr.
3. Next Kringlunni. 5.590 kr. 4. Kiss Kringlunni. 5.990 kr.
5. Benetton/Sisley Smáralind. 12.295 kr., einnig til í svargráu
6. gs skór Kringlunni. 9.990 kr. 7. Next Kringlunni. 2.890 kr.



4

5



6



7

Tískuíkon #3

JACKIE KENNEDY

Jacqueline Lee Bouvier Kennedy Onassis, (betur þekkt sem Jackie O eða Jackie Kennedy), fæddist þann 28 júlí árið 1929. Hún var forsetafrú Bandaríkjanna á árabílinu 1961-1963 og óðlaðist þá heimsfræð. Það var þó ekki aðeins eiginmanni hennar að þakka að þessi kona náði slíkri hylli sem raun bar vitni. Hún hafði til að bera persónutöfra, þokka, fegurð og skynbragð á tískuna svo að flestum þótti unun á að líta. Jackie varð einnig þekkt fyrir hæfileika sína í mannlegum samskiptum, en fólk sem þáði heimboð í Hvíta húsið á valdatíma Kennedys forseta var víst allt sammála um að hún hefði haft einhvers konar guðlega náðargáfu sem gestgjafi. Jacqueline Kennedy sótti framhaldsskólánám í Sorbonne í Frakklandi og þar þróaði hún með sér smekk fyrir franskri hönnun. Flestir muna t.d. eftir stóru sólgleraugunum og bleiku Chanel-dragtinni sem hún hefur vægast sagt gert alveg ógleymanlega. Stíll Jacqueline Kennedy gat bæði verið fjálslegur og virðulegur í senn en umfram allt var hún þó alltaf alveg einstaklega dömuleg og eins og ömmur okkar sögðu -elegant!

Hún lést árið 1994 aðeins 64 ára að aldri, eftir skammvinna baráttu við krabbamein, en lifir í minningunni sem glæsilegasta forsetafrú Bandaríkjanna til dagsins í dag.



Texti: MARGRÉT HUGRÚN
Myndir: GETTY IMAGES



Friðrik Ómar

- er kominn í Skífunu

Friðrik Ómar



Frábær plata með frábærum söngvara

Annar dagur

Farinn

Kannski

Ég treysta vil á þig

Þvílíkt líf

Ef þú þiggur það

Lífð' í mér

Það sem verður

Ískalt augnaráð

Pessar dyr með Páli Óskari

Ef að ég má

Hef ég sagt það hátt

~~2.199kr.~~

1.760kr.

Útgáfutónleikar Friðriks Ómars
verða á Nasa 22. nóvember

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!



|34| hann hún » tíska

HANSKAR. Í skærum lit lífga þeir upp á fatnað. Fást í Oasis.



DÖKKBLÁR. Dásamlega smart jakki úr Topshop.



SMART. Fallega gráar buxur úr Topshop.



GRÁR OG GLANSANDI. Töff toppur úr Topshop.

Glæsileiki í anda Prada

Það er orðið nokkuð ljóst að Miuccia Prada er orðin einn helsti áhrifavaldur tískuheimsins í dag. Á hverri tískuviku kemur hún með eitthvað nýtt og ferskt útlit og það eru ekki bara ódýru búðirnar sem fylgja seinna meir heldur líka aðrir hönnuðir. Á nýafstöðnum tískuvikum voru báðar línurnar hennar, Prada og Miu Miu, mjög afgerandi. Fín silkiefni, glæsileiki og fallega klæðskerandi- ar flikur réðu ríkjum. Litirnir voru dökkblár, svartur, hvítur og grár í bland við skærari liti. Auðvelt er að skapa þetta fallega útlit með röti í búðir bæjarins.

KJÓLL. Dásamlegur blár kjóll úr Oasis.



GLAMÚR. Falleg skyrtu, fæst í Oasis.



GUL OG GLÆSILEG. Falleg kápa úr Topshop.



MIU MIU VOR/SUMAR 2007 Hér er glæsilegur, dökkblár satínsamfestingur úr nýj-ustu línunni sem var sérlega falleg.



PRADA VOR/SUMAR 2007

Miuccia notaði nær einungis efri hluta í línuna að þessu sinni þar sem hún var ekki nógu ánægð með neðri hlutana sem hún skapaði. Takið eftir hve vel guli liturinn í túrbaninum harmónéarar við þann grúa í flikinni.





Kjólar frá 4.499.-

DOROTHY PERKINS

Smáralind | S.522 8380

Hátíska í Reykjavík

Þeir sem sóst hafa eftir hátískunni hafa um árabíl þurft að leita út fyrir landsteinana, en nú hefur heldur betur orðið breyting þar á. Verslanir með flottri hönnun hafa sprottið upp eins og gorkúlur um alla borg og má þar nefna verslanir eins og KronKron, Trilógíu og Liborius og sú nýjasta í þessari skemmtilegu flóru er svo lífsstílsverslunin 3 Hæðir sem var nýlega opnuð á Laugaveginum.

Hjá 3 Hæðum eru á boðstólunum flott hátískumerki eins og Junya Watanabe og Comme Comme frá Goggles de Garçons, John Roche, Y3- Yoji Yamamoto fyrir Adidas, D'squared2, Alberta Ferretti, Vanessa Bruno, Anya Hindmarch og fleiri. Eins og nafnið á versluninni gefur til kynna þá er hún á þremur hæðum. 1. hæðin býður upp á alls kyns smávöru eins og ilm-vötn, armbandsúr, púða, töskur, bækur, skartgrip, lyklakippur og sælgæti á meðan 2. hæðin hýsir hátískuna og á 3. hæðinni má gæða sér á gómsætum smáréttum með góðu léttvinsglasi eða cappucinobolla. Eigendur eru Helga Valfells og Guðlaug Halldórsdóttir og verslunarstjóri er Hildur Hafstein, og allar eru þær með fingurinn á því nýjasta. Þær fylgdust sérstaklega vel með nýafstöðum tískuvikum þar sem helstu hönnuðirnir sýndu vor- og sumarlínuna fyrir árið 2007. Hér gefur að líta eitthvað það sem fyrir augu bar og má gera ráð fyrir að standi til boða í versluninni.



ALBERTA FERRETTI



JUNYA WATANABE



D'SQUARED2



Lífsstílsverslunin 3 hæðir býður hönnun frá heimsfrægum hönnuðum.



Y3



D'SQUARED2



Y3



Y3

Vetrarsala í 5 daga

10. - 14 nóvember



3.995-



3.995-



1.995-



2.995-



1.495-



2.995-



3.995-



4.995-



4.995-



2.495-

La Femme
Luxury Bodouir

Laugavegi 4
Sími 511 1050

Hollustuna heim!

Hollur og góður kinamatur,
stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1

Djúpsteiktar rækjur
Original hot and
sweet svinakjöt
Snöggsteikt nauta-
kjöt í ostusösu
Kinverskar
eggjandöður
m/kjúklingi og
grænmeti
Hrisgrjón, súrsart
sósa, prjónar og
soya sósa

1.345 á mann
2.690 fyrir tvo

TILBOÐ 2

Djúpsteiktar rækjur
Peking kjúklingur
m/kinaveppum
Wok steikt lamba-
kjöt m/svartbauna-
sósu
Original hot and
sweet svinakjöt
Hrisgrjón súrsart
sósa, prjónar og
soya

1.445 á mann
2.890 fyrir tvo

TILBOÐ 3

Rifjapartý

Konton svinaríff
Hrisgrjón, prjóna
og soya
poki af Maarud

1.250 á mann
2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLJA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar
og kokteilsósa kinderegg
700 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.800,- en kr. 4.000,- í Hafnarfjörð.

Opil: mán-fimmtudaga 12-21:30, föstu og laugardaga 12-22:30
sunnudaga 17-21:30, www.indokina.is

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

138 | hann hún » nýtt andlit



Blæs á allar gagnrýnisraddir

Indíana Sólveig Marquez Wdowiak er kvenna fyrst til að dæma í efstu deild kvenna í körfubolta á Íslandi.

Fyrsti leikurinn sem Indíana dæmdi í var á milli ÍS og Keflavíkur, ásamt Rögnvaldi Hreiðarssyni, og segir hún dómgæsluna hafa gengið vel. „Þetta tók aðeins á taugarnar fyrstu mínúturnar, en sú tilfinning leið fljótt hjá og ég er sátt við frammistöðu mína í leiknum.“ Indíana segist enn fremur vera ánægð með að hafa náð þeim áfanga að verða fyrsta konan til að dæma í leik í efstu deild kvenna í körfubolta á Íslandi. „Þetta er persónulegur sigur fyrir mig og um leið konur. Það var löngu tímabært að brjóta þetta blað í sögu íslensks körfubolta.“ Indíana hóf dómgæslu árið 2003 eftir að hafa slitið krossbönd þegar hún lék körfubolta með Hamri í Hveragerði. „Ég var ekki reiðubúin að hætta afskiptum af körfubolta, þótt ég léti af spilamennsku, og áleit þann kost vænstan að fara út í dómgæslu,“ útskýrir hún.

Indíana segist hafa fengið misjöfn viðbrögð við þátttöku sinni og í einstaka tilvikum skynjað fordóma vegna þess hve óvanir menn eru að sjá konu dæma. „Ég man sérstaklega eftir atviki þegar leikmaður spurði hvort vera mín á vellinum væri eitthvert grín,“ segir Indíana og hlær við tilhugsunina. „Hann jafnaði sig þó og var orðinn sáttur í leikslök.“ Indíana segist sakna kynsystra sinna í dómgæslunni, en að henni undanskilinni starfar aðeins einn kvenkyns dómari í körfubolta á Íslandi í dag, Georgia Olga Kristiansen. „Fáar konur virðast íhuga dómgæslu sem valkost þegar íþrótttaferlinum líkur. Ég veit ekki hvort þær eru smeykar við að leita inn á þessa braut eða vilji snúa sér að öðru. Hvað sem því líður vil ég hvetja þær konur sem eru tvístígandi að slá til. Það er engin ástæða til að láta þetta vaxa sér í augum og þar að auki stórskemmtilegt.“

SAUMUM BUXUR EFTIR PÖNTUN

Tilbúnar stærðir 38-50 eða sérpöntun

Eiðistorgi 13
2. hæð á torginu

Nýr opnunartími
vegna breytinga
Opíó mán.-fös.
kl. 16-18.
Sími 552 3970
Símatími frá 10-18

Jenny

buxur.is



TE & KAFFI



Nýtt frá Te & Kaffi

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin

HIGH AND MIGHTY



Herraföt fyrir stóra og mikla karlmenn

Hlíðasmári 13 | S:5444247

Dúnúlpur
Rúskinnsúlpur
Leðurjakkar
Vattkápur
Hattar – Húfur

Leðurhanskar
Ullarsjöl
Góð gjöf

Útsöluhorn
50 % afsl.
Góðar vörur



TOPP HÚSID

Mörkinni 6, Sími 588-5518

Opíð virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl 10-16



Tryggvi Gunnarsson
segir kynjasögur

Nýbakaðar mæður og markið hans Eiðs

